

Fundargerð

414. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 11. des. 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Guðrún Árnadóttir. Auk þess sat fundinn Gunnar Björnsson úr byggingarnefnd vegna umræðu um samnings við MótX og fundargerð

Þetta gerðist:

Afgreiðsla fundargerðar sem hafði verið frestað. Umræða um samning við MótX sem Gunnar fór yfir. Fundargerðir endanlega samþykktar.

1. Aðalfundur FEB 2019

Samþykkt að boða til aðalfundur FEB þriðjudaginn 19. febrúar 2019 kl. 16.00 í Ásgarði, Stangarhyl 4. Dagskrá samkvæmt lögum félagsins. Vegna ákvæða í lögum um setu í stjórn er ljóst að kjósa þarf nýja stjórnarmenn. Verður óskað eftir uppástungum um félagsmenn til stjórnarkjörs sbr. grein 10.4 í lögum FEB.

Tillaga um uppstillingarnefnd þau Gunnar S. Björnsson, Margrét Sölvadóttir og Snær Karlsson. Til vara Margrét Árnadóttir.

2. Öldungaráð Reykjavíkur

Formaður tilkynnti Reykjavíkurborg um eftirtalda fulltrúa FEB í öldungaráð Ellert B Schram, Bryndís Hagan og Gísli Jafetsson og til vara Þorbjörn Guðmundsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir og Reynir Vilhjálmsson. Umræða um aðferðina við skipan félagsins í ráðið og vildi Sjöfn láta bóka eftirfarandi; Framvegis verði tekin upp önnur vinnubrögð innan stjórnar við skipan í nefndir á vegum félagsins.

3. Rekstraráætlun FEB

Framkvæmdastjóri lagði fram og skýrði rekstraráætlun félagsins til og með nóvember 2018.

4. Umræða um stöðuna hjá starfshópi og málefni eldri borgara

Umræðu frestað til næsta fundar þar sem hvorugur nefndarmanna, Þorbjörn eða Guðrún voru viðstödd.

5. Önnur mál

- a) Fram kom að stjórn LEB hefur sent inn stutta og skorinorða umsögn um frumvarp Flokks fólksins, Þingmál 24. Var það almennt skoðun stjórnarmanna FEB að hafast ekki frekar að í því máli.
- b) Sigríður gerði athugasemd við að fá ekki send fundargögn ásamt dagskrá stjórnarfunda með einhverjum fyrirvara. Nefndi hún Rekstraráætlun sem dæmi, sem og Samstarfsreglur stjórnar og erindisbréf framkvæmdastjóra sem unnið hefur verið að undanfarið og stóð til að leggja fram til umræðu á þessum fundi. Ákveðið var, að Sigríður sendi stjórnarmönnum umrædd gögn í dag.

Erna gerði að umtalsefni misvísandi ummæli og fullyrðingar fjármálaráðherra um kjör eldri borgara, taldi hún illt að hafa ekki vísan aðgang sérfræðingum sem hverju sinni könnuðu þau ummæli/upplýsingar og svöruðu þeim. Ennfremur ræddi Erna um Facebook síðu Gráa hersins, efni síðunnar og utanumhald, en það hefur áður verið rætt hér í stjórn FEB.

Stjórn samþykkir tillögu Ernu, að Helgi Pétursson fyrrv. stjórnarmaður FEB verði ráðinn til reynslu í 3 mánuði sem umsjónarmaður Facebook síðunnar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11.15.

Samþykkt;